

Hér er sýnishorn af skipulagsskrá sjálfseignarstofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá (þ.e. ekki í atvinnurekstri) Þar tekur á öllum þáttum sem eiga að vera í skránni samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og reglugerð nr 140/2008.

Einfaldast er að vista þetta skjal og breyta síðan þeim greinum sem þarf að breyta.

Vinsamlegast sendið skrána til yfirlestrar hjá embættinu áður en til undirritunar kemur, á netfangið sjodir@syslumenn.is

Embættið áskilur sér a.m.k. tveggja vikna frest til að svara erindum er varðar sjóði og sjálfseignarstofnanir

Skipulagsskrá

fyrir ???????????

Heiti

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir ??? og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur

Heimilisfang

2. gr.

Heimilisfang stofnunarinnar er í sveitarfélaginu ?????

Markmið

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er að ??? (sem dæmi: styrkja efnilega nemendur Menntaskólans í Kópavogi til frekari náms með fjárhagsaðstoð.) Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að ??? (sem dæmi: styrkir eru greiddir til þeirra nemenda sem sjóðsstjórn velur hverju sinni, á gamlársgöldum á hvert.)

Stofnendur

4. gr.

Stofnendur stofnunarinnar eru A.....,kt., B.....,kt...C.....,kt.. (og hér kemur einnig framlagsfé hvers stofnanda)

Stofnfé

5. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. ????? (1.285.000.- kr. lágmark stofnárið 2021), sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

Stjórn

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Fundarboðun

7. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Aðrar stjórnareiningar

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

Endurskoðendur

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

Reikningsárið

10. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

Breyting skipulagsskrár, slit og sameining

11. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

Staðfesting sýslumanns

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á fundi ????? í Reykjavík þann ???? 2011

Undirskriftir stofnenda/fyrstu stjórnar

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.